

## 91. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla hélt fund þriðjudaginn 29. apríl 2003 í húsakynnum tónlistarskólans.

Mætt voru Elísabet L. Björgvinsdóttir, Hafsteinn Sigurðsson, Sævar Harðarson og Margrét Ásgeirsdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Starfsmannamál.
2. Gjaldskrá.
3. Önnur mál.

### 1. Starfsmannamál.

Skólanefnd Tónlistarskólans leggur til að gengið verði til samninga við Sigrúnu Jónsdóttur um stöðu skólastjóra Tónlistarskólans.

Ildikó Varga hefur sótt um launalaust leyfi í 1 ár. Hefur Hólmfríður Friðjónsdóttir sótt um að leysa Ildikó af næsta skólaár.

Í stöðu Guri Hilstad hefur Martin Markvoll sótt um hennar stöðu. Martin er með kennaramenntun ásamt fleiru. Martin er norðmaður og hefur meðmæli frá Arne Björhei fyrrverandi skólastjóra Tónlistarskóla Stykkishólms.

Ewa, pólskur þverflautuleikari hefur sótt um starf hjá tónlistarskólanum og getur hún einnig kennt byrjendum á píanó og kæmi til með að leysa Hafstein af í hans leyfi.

Skólanefnd Tónlistarskólans mælir með þessum ráðningum.

### 2. Gjaldskrá.

Skólanefnd mælir með u.þ.b. 5% hækkun á gjaldskrá tónlistarskólans. Ný gjaldskrá verður afhent bæjarráði. Fjölskylduafsláttur verði óbreyttur.

### 3. Önnur mál.

Rætt var um möguleika á húsnæði fyrri bæntanlega kennara. Búið er að ákveða skólaslit þann 29. maí kl. 17:00.

Skólastjóri lagði fram prófa- og tónfundaáætlun fyrir vorið.

Fundi slitið kl. 21:42.

Sævar Harðarson (sign.),  
Hafsteinn Sigurðsson (sign.),  
Margrét Ásgeirsdóttir (sign.),  
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.).

Íhs.